



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2009 – 2010.

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi 2. júní 2009 og tók nýkjörin stjórn þá strax til starfa og skipti með sér verkum. Á árinu voru haldnir alls 5 stjórnarfundir. Félagsfundur var haldinn 27. október í tilefni af 80 ára afmæli félagsins.

Formaður flutti stutt ávarp um sögu félagsins, síðan var borið fram kaffi og meðlæti og fjörugar umræður sköpuðust við borðhaldið.

Mikið var um formannafundi, ráðstefnur og aðra viðburði á árinu.

Formaður sótti formannafund SGS 2. júní 2009 í húsi ríkissáttasemja.

Fundarefnið var um hvernig félögin vildu halda á málum, vegna þeirra tillögu frá SA um dagsetningu og skiptingu á launahækkunum sem áttu að koma til framkvæmda samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Magnús og Friðrik sóttu formannafund ASÍ á Grand-hótel við Sigtún 11. júní kl. 13:00, fundarefnið var um stöðuna í viðræðum við atvinnurekendur og stjórnvöld um kjaramálin og stöðugleikasáttmála. Það kom fram í umræðunum að útlitið væri vægast sagt ekki gott, en samninganefnd ASÍ var búin að setja fram nokkur atriði er gæti orðið grunnur að samkomulagi, en það er beðið eftir meiri lækkun á stýrivöxtum frá seðlabankanum svo SA geti samþykkt að framlengja kjarasamninginn.

Friðrik Örn sótti formannafund SGS 23. júní kl 13:00 og sama dag sótti hann formannafund ASÍ kl. 15:00 í forföllum formanns vegna sumarleyfis. Skrifað var undir samning um framlengingu og breytingar á kjarasamningi

Launanefndar sveitarfélaga og SGS f.h. aðildarfélaga í júlí 2009. Einnig var skrifað undir samning við ríkið um samskonar framlengingu og breytingar á kjarasamningi. SGS sá um að setja þessa samninga í atkvæðagreiðslu fyrir aðildarfélögin sem lauk 7. ágúst og talið var 14. ágúst og voru samningarnir samþykktir með miklum mun milli 80% til 90% greiddra atkvæða.

Formaður sótti formannafund Sjómannasambands Íslands sem haldinn var í Vestmannaeyjum dagana 30. október til 1. nóvember. Aðalmálið á dagskránni var stjórn fiskveiða og voru menn almennt sáttir við ályktunina um stjórn fiskveiða sem fundurinn samþykkti.

Formaður sótti formannafund ASÍ sem haldin var á Grand Hótel Reykjavík mánudaginn 29. mars síðast liðin, þar var fjallað um stöðuna í atvinnumálunum og afsögn SA frá stöðuleikasáttmálanum, efndirnar við hann af hálfu ríkisstjórnar og hvernig best væri að nálgast þau viðfangsefni sem



hann innihélt. Fundurinn var sammála um að láta reyna á viðræður við SA og gefa tvær vikur í það annars grípa til annarra aðgerða.

Formaður sótti formannafund sem haldinn var á Hótel Nordica 25. maí um framtíðarstefnu ASÍ í málefnum lífeyrissjóðina, skipulagsmál innan ASÍ og væntanlega kjarasamningsgerð á haustmánuðum.

Formaður sótti ráðstefnu í Þjóðmenningarhúsinu 11. júní kl. 9:30 um hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í lífeyrissjóðum.

Formaður sat 100. stjórnarfund Landsmentar föstudaginn 12. júní kl. 11:00 að Skeifunni 8 í Reykjavík. Fundurinn var einskonar ársfundur, starfsemi kynnt og farið var yfir reikningana. Fundi lauk með léttum veitingum.

Formaður fór á ráðstefnuna “Hvers virði er ferðapjónustan” sem haldin var á Ísafirði dagana 24. og 25. september af Matvís og SGS.

Ráðstefnan þótti takast mjög vel og voru þáttakendurnir mjög ánægðir með þau erindi og umræður sem voru flutt og vænta þess að þetta skili sér út í atvinnugreinina.

Formaður sótti annað þing SGS sem haldið var á Hótel Selfossi dagana 8. og 9. október. Þar voru flutt mjög áhugaverð erindi um endurreisn atvinnulífsins af Dr. Ágústi Einarssyni, rektor Háskólans á Bifröst og aðildarviðræður Íslands við ESB með tiliti til landbúnaðar og sjávarútvegs af Aðalsteini Leifssyni, lektor við Háskólann í Reykjavík. Þinghaldið fór annars fram með hefðbundnum hætti. Formaður VSFS var kosinn varamaður í framkvæmdastjórn SGS á þinginu.

Ársfundur ASÍ var haldinn á Hilton Hótel í Reykjavík daganna 22. og 23. október, formaður sat ársfund ASÍ ásamt Erlu Sigursveinsdóttur þar sem yfirskriftin var “Byggjum upp réttlát þjóðfélag” Margar tillögur að ályktunum voru til afgreiðslu á fundinum og gengu þær flestar átakalaust í gegn en aðrar þurftu meiri umræðu, svo sem ályktanirnar um stjórnir lífeyrissjóðana.

Hvassar umræður voru um þessar ályktanir og kosið var um niðurstöðurnar.

Formaður sat fund hjá matvælasviði S.G.S. mánudaginn 11. janúar kl. 13:00.

Efni Fundarins var að móta stefnu og framtíðarsýn S.G.S. í framleiðslu matvæla og tengja saman við ferðapjónustuna í þeim tilgangi að verja og fjölga störfum í matvælageiranum. Samþykkt var að stefna að sameiginlegri ráðstefnu sem fjallar um framleiðslu landbúnaðarafurða og sölu beint frá býli í samvinnu við Matvís og Ferðamálasamtökin fyrir sumarið.



Formaður sótti fund Vinnumálastofnunar þriðjudaginn 12. janúar kl.14:00 sem haldinn var í húsi Virkjunar að Ásbrú. Þar kynnti nýr stjórnarformaður Runólfur Ágústsson nýtt verkefni sem snír að vinnumarkaðsúrræðum fyrir ungt fólk á aldrinum 18 til 24 ára ásamt starfsfólki vinnumálastofnunar. Það kom fram hjá þeim ósk um að samfélagið á svæðinu, fyrirtæki og aðrar stofnanir komi saman að verkefninu og að allir rói í sömu átt.

Formaður ásamt Erlu Sigursveinsdóttir sóttu námskeið í vinnurétti að Hótel Hamri í Borgarfirði 25. – 26. febrúar. Námskeiðið fjallaði aðallega um uppsagnir, form þeirra og hvað væri löglegt og hvað væri samningsbundinn réttur er varðar uppsagnir. Fjóra Pétursdóttir lögfræðingur SGS sá um fyrirlesturinn og fór yfir almenna markaðinn og opinbera markaðinn. Þess má geta að mikill skafrenningur var þegar við vorum að koma á staðinn og alveg blint þegar við fórum um Borgarnes en með seygju höfðum við okkur á staðinn, en síðan vorum við lokuð inni daginn eftir vegna þess að stór snjóskafi hafði myndast í heimreiðinni að hótelinu en við sluppum um kl. 14:00 og héldum heim á leið.

Formaður sótti upplýsingafund um málefni aðalfundar hjá lífeyrissjóðnum Festa mánudaginn 12. Apríl í húsi Verslunarmannafélagi Suðurnesja.

Magnús og Friðrik sóttu aðalfund lífeyrisjóðsins Festa sem haldinn var í Eldborg í Svartsengi þriðjudaginn 20. apríl.

Formaður ásamt Erlu sóttu málþing á vegum SGS **“Hvers virði er íslenskur landbúnaður”** á Selfossi mánudaginn 26 apríl.

Formaður sat fund á Kjarmóa 4 í Reykjanesbæ til að undirbúa samning við VIRK um starf endurhæfingarfulltrúa á Suðurnesjum þann 16. september.

Formaður sat fund á Kjarmóa 4 í Reykjanesbæ 22. september þar sem skrifað var undir samstarfssamning milli stéttarfélaganna á Suðurnesjum og VIRK um starf endurhæfingarfulltrúa á suðurnesjum.

Formaður sat vinnufund á Kjarmóa 4 í Reykjanesbæ 13 október vegna umsókna um starf endurhæfingarfulltrúa á Suðurnesjum í samvinnu við VIRK og var samþykkt að hafa annan vinnufund 16 október kl 10:00 og taka viðtöl við fjóra umsækjendur sem þóttu hæfastir af þeim átján sem sóttu um starfið. Viðtölin voru síðan tekin 16. október og var samdóma álit okkar að ráða til starfa Guðna Erlendsson þar sem við töldum hann hæfastann í starfið.

Formanni og Erlu var boðið að þiggja léttar veitingar vegna formlegrar opnunar og vígslu á nýju skrifstofuhúsnæði stéttarfélaganna í Keflavík að Krossmóa 4 og færdum við þeim blómvönd frá félaginu í tilefni af tímamótunum.



Formaður sat fund með fulltrúum vinnumálastofnunar ásamt öðrum stéttarfélögum á Suðurnesjum miðvikudaginn 3. mars kl. 10:00 þar sem vinnumálastofnun var að biðja um aðstoð við atvinnuleitendur og hvernig hlutunum væri best fyrir komið. Formenn stéttarfélaganna voru sammála um að það þyrfti að vera meira um virkari atvinnuleit á svæðinu með því að hafa fasta starfsráðgjafa í því verkefni og í beinu sambandi við atvinnurekendur á svæðinu. Ætlaði vinnumálastofnun að bregðast strax við og staðsetja tvo starfsráðgjafa að Krossmóa 4 í virka atvinnuleit og þar sem húsnæði stofnunarinnar að Hafnargötu er allt of lítið orðið og ákveðið að flytja alla starfsemi stofnunarinnar á Suðurnesjum að Krossmóa 4 þegar fram lýða stundir.

Formaður sótti opinn fund atvinnumálanefndar A.S.Í miðvikudaginn 13. janúar kl. 10:00. Fulltrúar A.S.Í í vinnumarkaðsráðum miðla upplýsingum um stöðu og horfur í atvinnumálum og reynslu af vinnumarkaðsaðgerðum. Fulltrúarnir sögðu einnig frá reynslu af starfsemi í vinnumarkaðsráðunum. Eftir hádegi fluttu fjórir aðilar erindi.

Þeir Runólfur Ágústsson formaður stjórnar Vinnumálastofnunar:

Atvinnuleysið, vinnumarkaðsúrræði, ungafólkið. Arnar Guðmundsson stýrihópi 20/20 Sóknaráætlun: **Hvernig komumst við í topp – 10 ?** Hjalti Páll Ingólfsson verkefnastjóri Öndvegisseturs í jarðhitarannsóknunum: **Hreina orkan, mannauðurinn og græna hagkerfið.** Ágúst Ingþórsson forstöðumaður Rannsóknþjónustu HÍ: Uppbyggingingarsjóðir ESB: atvinnuþróun, mannauður og nýsköpun. Fundi lauk kl. 15:30

Formaður sótti stefnumótunarfund um lífeyrismál sem haldinn var af ASÍ á Selfossi 18. og 19. febrúar.

Fundurinn hófst með hópastarfi og síðan voru flutt fimm áhugaverð erindi og lauk með hópastarfi allan föstudaginn. Erindin sem flutt voru, **Aðdragandinn og hugmyndafræðin að baki lífeyriskerfinu.** Ásmundur Stefánsson.

Réttindi og tryggingafræðileg staða. Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur. **Samspil lífeyrissjóðakerfisinsins og almannatrygginga.** Stefán Ólafsson prófisor. **Fjárfestingastefna lífeyrisjóða,** Sigurbjörn Sigurbjörnsson framkv.stj. Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. **Hversvegna er nauðsynlegt að endurskoða kjarasamninginn um lífeyrismál. Hvað hefur breyst frá 1995.** Gylfi Arbjörnsson forseti ASÍ.



Formaður leysti af á skrifstofu vegna sumarleyfa frá 3. júní til 12. júní og 13. júlí til 5. ágúst sinnti þar daglegum störfum.

Töluverður tími fór í það að skipta um tölvu, og láta setja nýju tölvuna upp með nýjustu uppfærslum af forritum sem við notum á skrifstofunni og þannig að endurritun geti verið með eins öruggum hætti og kostur er að mati tölvusérfræðings félagsins.

Formaður leitaði tilboða í prentun dagbóka og merкта penna fyrir félagsmenn sem stjórnin samþykkti að senda félagsmönnum í tilefni af 80 ára afmæli félagsins. Fyrirtækið Varmá sf varð fyrir valinu og var gengið til samninga við þá um bæði merktar dagbækur og penna. Var síðan dagbók, penni og afmæliskveðja sett í umslag og sent til þeirra félagsmanna sem greitt höfðu 2500 kr. eða meira í félagsgjald og allra gjaldfrjálsra félaga um mánaðarmótin nóvember/desember.

Þar sem fjórar stúlkur úr barnakór Grunnskólans hjálpuðu formanni að bera út í Sandgerði og Garði spöruðst 25.000 kr. í póstburðargjöld og samþykkti stjórnin að styrkja barnakór Grunnskólans um 25.000 kr. til hljóðfærakaupa. Formaður var með fyrirlestur í 10. bekk grunnskólans um réttindi og skyldur á vinnumarkaði 29 apríl og gaf nemendum síðan bæklinginn Láttu ekki plata þig.

Svo það má segja að starfsárið hafi verið mjög annasamt og viðburðaríkt hjá stjórn og starfsfólki félagsins.

Ég sem formaður félagsins vil þakka þessu fólki fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins, þetta samstarf hefur veitt mér mikla gleði í starfi fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar,
Magnús S Magnússon.
Formaður

